



Afmæliskveðja
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
til
Vigdísar Finnbogadóttur
fyrirverandi forseta Íslands
15. apríl 2020

Heill þér Vigdís, heill þér á níráðisafmæli! Bestu þakkir fyrir allt þitt merka framlag til íslenskrar þjóðar á löngu lífshlaupi.

Á að kjósa þig af því að þú ert kona? Þannig var spurt sumarið 1980, fyrir 40 árum. Nei, það að á kjósa mig af því að ég er maður, var hið eina, góða, sanna og rétta svar.

En getur kona verið forseti? Getur kona verið hér einsömul, einstæð móðir, tekið hér á hlaðinu ein á móti tignum gestum? Hvernig er hægt að fara að því þegar þjóðhöfðingja ber að garði með maka sínum? Já, við skulum hugsa í lausnum, svaraði Vigdís Finnbogadóttir. Fyrst heilsa ég þjóðhöfðingjanum og svo heilsa ég makanum.

Þakka þér Vigdís fyrir að þora, vilja og geta. Vissulega vildum við vera með þér núna á hinum merku tímamótum en það er drungi yfir þjóðlífinu. Því veldur veiran skæða, margir eiga um sárt að binda. Á sorgarstundum sýndir þú þjóðinni samhug á forsetastóli. En þú varst líka með okkur í gleði og leik. Þú gróðursettir, umvafin ungviðinu. Þú sagðir okkur svo vel frá því að hér er land, þjóð og tunga, þrenning sönn og ein.

Hjartanlega til hamingju með afmælið kæra Vigdís, farnist þér vel á ævikvöldi.